Mótt 16/2 1962

# STARFSSKÝRSLA ÁGÚSTS ÁRNASONAR

HJÁ

SKÓGRÆKT RÍKISINS

ÁRID 1961

Frá áramótum fram til vors starfaði ég á skrifstofu Skógræktarinnar í Reykjavík.

Þann 24. maí hætti ég störfum á skrifstofunni og fór til sumardvalar í Hvamm í Skorradal. Í Hvammi dvaldi ég fram til 20. október og stjórnaði framkvæmdum Skógræktarinnar í Skorradal og Botnsdal.

Hér fylgir greinagerð yfir helztu framkvæmdir á hverjum stað:

## S T Á L P A S T A D I R .

Í janúar og febrúar vann Baldur Skarphéðinsson að grisjun á Stálpastöðum og grisjaði mikinn hluta af því landi, sem gróðursett var í.

Frá febrúar og fram í maí voru svo engar framkvæmdir á Stálpastöðum, en upp úr miðjum maí byrjaði Baldur aftur að vinna við grisjun. Hann vann svo við grisjun öðru hvoru ásamt öðrum fram til 2. júní, en þá var byrjað að gróðursetja.

Á Stálpastöðum var unnið við gróðursetningu 2. júní til 22. júní og gróðursettar alls 46.250 plöntur af eftirtöldum tegundum:

| | |
|---|---|
| Sitkagreni Cordova T. .................... | 44.650 |
| Fjallaþinur Aleza Lake F. ................ | 375 |
| Fjallaþinur (901-3000-55) F. Sapinero? ........ | 450 |
| Hvítþinur Sapinero(2400-3000-55) F. ....... | 500 |
| Pinus banksiana (2650-3300-44) F.seðill 419 Salida | 75 |
| Chamaecyparis nootkatensis Juneau F ...... | 200 |
| Samtals | 46.250 |

Í maímánuði komu frá Tumastöðum 400 stiklingar af Alaskaösp. Þetta voru rótarlausir stiklingar og var þeim stungið niður víðsvegar um Stálpastaðahlíðina meðfram lækjum. Þeir virtust lifna vel og dafna í sumar.

Fyrstu daganna í júlí var tilbúinn áburður borinn að plöntum á nokkrum stöðum í Stálpastaðahlíðinni. Aðallega var borið á rauðgrenið, eldri gróðursetningar. Alls voru þetta 7 pokar eða um 350 kg. Blandað var saman 5 pokum af Kjarna, 2 pokar af Þrífosfati og 1 poki af Kalí áburði.

Í maí var nokkrum lúpínuplöntum plantað í melana fyrir ofan tún á Stálpastöðum. Þetta voru plöntur, sem komu frá Tumastöðum.

23. ágúst til 6. september voru gróðursettar 25.000 plöntur á Stálpastöðum. Þessar plöntur komu allar frá gróðrastöðinni á Tumastöðum og voru af eftirtöldum tegundum:

| | |
|---|---|
| Sitkagreni Cordova ................ | 20.000 |
| Blágreni Sapinero .................. | 2.000 |
| Douglasgreni Sapinero (Blue Mesa) ............... | 3.000 |
| Alls | 25.000 |

Í sumar og haust var unnið að grisjun frá barrplöntum í eldri gróðursetningarreitunum á um 9 hektara svæði.

Farið var yfir um 1 1/2 ha. af skógarfurugróðursetningu og allar lúsugar plöntur sprautaðar með Thiodan um leið og grisjað var frá þeim.

Farið var með Stálpastaðagirðingunni og gert við hana eftir þörfum. Hún kom annars vel undan vetri.

Byrjað var á grisjun fyrir næstaárs gróðursetningu, en það verk er skammt á veg komið.

## H V A M M U R .

### Grisjun og gróðursetning:

Grisjað var og gróðursett í girðingu Hauks Thórs fyrir ofan veg í Hvammi og er þar með sú girðing full gróðursett. Unnið var við gróðursetningu dagana 19. og 20. júní og gróðursettar voru 4.300 plöntur af Sitkagreni Cordova frá Tumastöðum. Í skógræktarland Hauks Thors út við Vatnsendalandamörk var grisjað og gróðursettar 700 plöntur sömu tegundar.

Í maí voru nokkrar plöntur af lúpínu gróðursettar í Hvammsland ofan vegar.

### Girðingar.

Lokið var við að endurgirða kaflan af gömlu girðingunni fyrir neðan veg, þar sem ekki vannst tími til að ljúka í fyrra. Í þessa girðingu var notað gamalt efni úr gömlu girðingunni fyrir ofan veg.

Farið var með öllum girðingum í Hvammi og gert við þær eftir þörfum. Þær komu annars vel undan vetri og voru lítið bilaðar.

Nú er lokið að girða Hvammsland nema hvað renglur vantar ennþá í girðinguna við Vatnsenda.

Viðhald húsa o. fl.

Í ár var töluvert unnið að viðhaldi húsa í Hvammi. Málning var mikið orðin veðruð af þökum útihúsa, og það sem eftir var af málningunni var orðin skorpið og laus á. Að lokinni vorplöntun var því farið að skrapa og hreinsa þökin á útihúsunum, en það var mikið og seinlegt verk. Þökin á útihúsunum voru svo öll máluð.

Íbúðarhús var lagfært nokkuð. Gluggar voru allir málaðir að utan og gólfdúkur lagður á eldhúsgólf og í ganginn við útidyr. Hurðir voru lagaðar svo hægt er að loka þeim, en þær voru orðnar svo skakkar að þær féllu ekki að stöfum.

Í haust var Hvammsland mælt og einnig allar gróðursetningar svo hægt verður að kortleggja þær.

## S T Ó R I - B O T N

31. maí til 16. júní var unnið við grisjun í Stóra-Botni af mönnum búsettum í nágreninu. Vikuna 19. til 24. júní dvaldi ég svo með vinnuflokk í Stóra-Botni og lukum við grisjun á gróðursetningarlandinu, sem er um 5 ha. og gróðursettum 23.000 plöntur af þessum tegundum:

| | |
|---|---|
| Sitkagreni Cordova T ............... | 21.000 |
| Broddgreni Sapinero H. ............. | 2.000 |
| Samtals | 23.000 |

12. september voru gróðursettar 2.000 plöntur í Stóra-Botni. Allar þessar plöntur komu úr gróðrastöðinni í Fossvogi og voru af eftirtöldum tegundum:

| | |
|---|---|
| Fjallaþinur Sapinero ............ | 500 |
| Douglasgreni Sapinero ............ | 1.000 |
| Hvítþinur Sapinero ............... | 400 |
| Stafafura Skagway ................ | 100 |
| Samtals | 2.000 |

Í Stóra-Botni var gert við girðinguna og hún styrkt uppi á fjallinu, en þar var hún farinn að hallast undan veðrum á nokkrum stöðum. Einnig voru girðingar og gróðursetningar mældar til kortlagningar.

## ÝMISLEGT.

Í september var því veitt athygli að grenilúsin Lyosomaphis abietina var farin að breiðast all mikið út á greninu í Háafellsreitnum. 27. september var svo grenið sprautað með Metasystox. 26. og 27.sept. var einnig unnið að því að laga til í Háafellsreitnum, Klipptar voru allar dauðu og hálfdauðu skógarfururnar og þær brenndar á staðnum.

Í júní var plantað til prufu Sitkagreni Cordova í ógirt beitiland á Vatnsenda, Dagverðarnesi og Háafelli, 100 plöntum á hvern stað. Í haust voru plönturnar fallegar að sjá og óskemmdar af beit.

24. til 31. október var ég við mælingar á skóglendum með Hauki Ragnarssyni austur á Tumastöðum, Þjórsárdal og Skarfanesi.

1. til 20 nóvember starfaði ég á skrifstofu Skógræktarinnar í Reykjavík og vann við að teikna upp eftir mælingum okkar Hauks.

20. nóvember til áramóta starfaði ég svo hjá Landgræðslusjóði í Fossvoginum.

1

Stutt yfirlit yfir framkvæmdir Skógræktar ríkisins í Skorradal og Botnsdal árið 1961.

Framkvæmdir hófust í Skorradal 24. maí. Skógurinn var þá ekki orðinn laufgaður, en að byrja að lifna. Um þetta leiti var hvöss norðan átt með frosti. Byrjað var á því að fara með öllum girðingum og gera við allar smá bilanir.

Þegar í janúar var grisjað töluvert á Stálpastöðum en nokkuð vantaði samt á að plöntunarlandið væri fullgrisjað. Nú var því tekið til og lokið við að grisja 100 metra breitt belti utan frá girðingu og heim að húsi á Stálpastöðum og afmarkaðar og höggnar brautir bæði fyrir ofan og neðan.

Á Stálpastöðum var gróðursett á tímabilinu frá 2. til 22. júní.
Fyrir ofan bæ á Stálpastöðum var gróðursett:

| | | |
|---|---|---|
| Hvítfuru Sapinero (2160-3000-57) | | 500 stk |
| Fjallafuru Alexa Lake B.C. | | 375 — |
| Pinus Banksiana | 75 | ~~200~~ — |
| Camys Cypares | | 200 — |
| Sitkagreni Cordova | | 31.000 — |
| Samtals | | 32 500 |

Efst í Halldórslundi var gróðursett
Sitkagreni Cordova 13.300 —

Í Hvammi var grisjað dagana 15. og 16. júní, en gróðursett 19. og 20. júní
Lokið var við að fylla girðingu Hauks Thórs fyrir ofan veg og í hana fóru — 4.300 plöntur Sitkagreni Cordova, 700 plöntur af sömu tegund voru svo gróðursettar í land Hauks Thórs út við Vatnsendalandamörk.

Byrjað var að girða í Botnsdal síðast í maí og gróðursett var þar dagana 20. til 24 júní – þessar tegundir:

Sitkagreni Cordova 21.000
Broddgreni 2.000

Eftir er að gróðursetja þar 2.000 plöntur sem gróðursettar verða í ágúst, en búið er að girða fyrir þá gróðursetningu.

Í Stóra-Botni var einnig gert við girðinguna eftir því sem þurfa þótti.

Eftir að gróðursetningu var lokið var hafist handa með að ljúka girðingunni fyrir neðan veg í Hvammi. Því verki er nú lokið nema eftir er að tengja girðinguna við Vatnsenda-landamörkin. Hvammsland er nú girt með fjárheldri girðingu.

Unnið hefur verið að viðgerðum á húsum í Hvammi. Gólfdúkur var lagður á eldhúsgólf og anddyri í íbúðarhúsi og allir gluggar málaðir

að utan. Unnið er við málun á útihúsum í Hvammi. Búið er að mála einn braggann og lokið er að undirbúa fyrir málningu tvo aðra.

Á Stálpastöðum hefur verið unnið við að grisja frá eldri barrplöntum. Byrjað var við Stóragil milli línu I og II og haldið áfram hlíðinni. Þetta verk er skammt á veg komið og er þarna mikið verkefni framundan.

All stór spilda hefur verið grisjuð fyrir ofan bæ á Stálpastöðum og er tilbúin til gróðursetningar.

Keyptir voru 8 pokar af tilbúnum áburði og borið var á sandgræðið frá 1952 og 1954 í Stálpastaðahlíðinni og einnig í Hvammi á sitkagrenið í norð-austurhorninu á girðingunni fyrir neðan veg.

Hvammi 1. ágúst 1961

Ágúst Árnason